



Reykjavík 31. október 2020

Efni: Fjöldatakmörkun vegna COVID-19, neyðarstig

Takmörkunin tekur gildi 31. október 2020 gildir til 17.nóvember, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar til 17. nóvember 2020. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 10 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 10 einstaklingar inni í sama rými, kaffihúsum, og mötuneytum. Virða þarf nálægðarmörk sem eru 2 metrar.

Með rými er hér átt við það svæði sem starfsmenn þurfa að nota og ganga um við störf, þ.e. ekki mega fleiri en 10 ganga um sömu salerni, sömu fundaraðstöðu eða kaffistofu. Mögulega er hægt að nota „stundatöflu“ til að skipta í hópa vegna fundaraðstöðu eða kaffistofu ef ekki er hægt að skipta stærri vinnustað í aðskilin rými, en þá þarf að þrifa/sótthreinsa á milli hópa. Færast aðilar ekki milli rýma og hafa aðgengi að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu þá ætti að vera hægt að opna skrifstofur sveitarfélaganna miðað við 10 manns í hverju rými og 2 metra regluna.

Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 er enn í gildi og er mikilvægt að hafa í huga almennar sóttvarnarráðstafnir er enn í gildi.

- Íþróttir óheimilar.
- Sundlaugum lokað.
- Sviðslistir óheimilar.
- Krám og skemmtistöðum lokað.
- Veitingastaðir með vínveitingaleyfi mega ekki hafa opið lengur en til 21.00.
- Grímuskylda þar sem ekki er unnt að tryggja 2 metra nálægðarmörk milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.
- Börn fædd 2015 og síðar undanþegin 2 metra reglu, fjöldamörkum og grímuskyldu (gilti áður um börn fædd 2005 og síðar).

Nánari upplýsingar er að finna á [www.covid.is](http://www.covid.is)

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna